

Djúpavogshreppur
Páll Jakob Líndal
Bakka 1
765 Djúpivogur

Reykjavík, 2. október 2019
Tilvísun: 201909065 / 3.4

Efni: Deiliskipulag efsta hluta Borgarlands, Djúpavogshreppur

Djúpavogshreppur hefur, með erindi, móttækið 24. september 2019, sent Skipulagsstofnun deiliskipulag efsta hluta Borgarlands á Djúpavogi til yfirferðar samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og var málsmeðferð skv. 41. gr. laganna. Athugasemdafresti lauk 1. ágúst 2019. Engar athugasemdir bárust á kynningartímanum en umsagnir bárust frá Minjastofnun Íslands og Heilbrigðiseftirliti Austurlands. Deiliskipulagið var samþykkt í sveitarstjórn, þann 12. september 2019.

Deiliskipulagssvæðið nær yfir um 1,4 ha íbúðasvæði í efsta hluta Borgarlands. Fyrirhuguð eru sjö einbýlishús og eitt parhús, auk göngustíga.

Deiliskipulagið er sett fram í greinargerð dags. 16. maí 2019, með breytingum 5. júní og 5. september 2019 og á uppdrætti í mkv. 1:500 með sömu dagsetningum.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og gerir ekki athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda en bendir á að áður þarf að lagfæra nýtingarhlutfall í samræmi við fyrirhugaða uppbyggingu. Stofnunin minnir á að nýtingarhlutfall er skilgreint skv. breytingu á skipulagsreglugerð nr. 903/2016.

Senda þarf Skipulagsstofnun lagfærð gögn til vörslu.

Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir
Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir

